

STJÓRNARTÍÐINDI A 6 — 1965

Nr. 77.

192

24. júní 1965.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um verðjöfnunar- og flutningasjóð síldveiða árið 1965.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Sjávarútvegsmálaráðherra hefur tjáð mér, að verðþróun á síld til söltunar og bræðslu, hafi orðið sú undanfarið að hætt sé við, að örðugt reynist að fá síld til söltunar á komandi sumri að óbreyttum aðstæðum. Geti þetta ástand dregið verulega úr síldarsöltun og þannig haft alvarleg áhrif á aðstöðu Íslands á erlendum mörkuðum fyrir saltsíld og stórspillt afkomumöguleikum þeirra, sem atvinnu hafa af síldarsöltun. Því beri brýna nauðsyn til að komið verði á verðjöfnun milli síldar í bræðslu og síldar í salt.

Þá sé enn fremur nauðsynlegt að draga úr bið fiskiskipa í Austfjarða- höfnum og greiða jafnframt fyrir siglingum síldveiðiskipa með eigin afla til hafna norðanlands.

Loks hafi atvinnurekstur á undanfórnum árum átt örðugt uppdráttar í ýmsum kaupstöðum og kauptúnum norðanlands, vegna aflaleysis og af öðrum ástæðum. Til að bæta úr þessu ástandi sé ráðgert að hefja sérstakar aðgerðir, sem hafi í för með sér nokkurn kostnað.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða að af allri bræðslusíld, sem veiðist frá og með 15. júní til 31. desember 1965 á svæðinu frá Rit norður og austur að Stokksnesi við Hornafjörð, greiðist sérstakt gjald, kr. 15.00 á hvert landað mál bræðslusíldar, hvar sem henni er landað. Af hausum og slógi frá síldarsöltunarstöðvum greiðist hálf gjald. Síldarverksmiðjur þær, sem veita síldinni móttöku, inna gjaldið af hendi til sjóðsstjórnar samkvæmt 3. gr.

2. gr.

Fé því, sem innheimtist samkvæmt 1. gr. er heimilt að verja sem hér segir:

- a) Til að hækka fersksíldarverð til söltunar greiðist uppbót, er nemi allt að kr. 30.00 á hverja uppsaltaða síldartunnu samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar sbr. 3. gr.
- b) Til að greiða síldveiðiskipum, sem sigla með eigin afla frá veiðisvæðum sunnan Bakkaflóadýpis til hafna vestan Tjörness, 15.00 kr. flutningastyrk á hvert mál bræðslusíldar. Þessi styrkur skal því aðeins greiddur, að þær síldarverksmiðja á Austfjörðum séu fullar eða að fyllast og löndunartöf á Raufarhöfn. Styrkurinn er þar að auki bundinn því skilyrði, að sú verksmiðja, sem síldinni veitir móttöku, greiði kr. 10.00 fyrir hvert mál umfram hið al-

menna bræðslusildarverð til hlutaðeigandi fiskiskips, þannig að heildarflutningsgjald til síldveiðiskipanna nemi kr. 25.00 á mál.

e) Heimilt skal að verja allt að 4 millj. króna:

- 1) Til að standa straum af útgerð sérstaks flutningaskips, er flytji kælda síld til söltunar eða frystingar til Norðurlandshafna vestan Tjörness og til hafna við Steingrímsfjörð.
- 2) Til að veita sérstakan stuðning þeim síldveiðiskipum, sem skila eigin afla, veiddum sunnan Bakkaflóadýpis, af söltunar- og frystingarhæfri síld, til hafna á því svæði sem að framan greinir.

Styrkur sá, sem um ræðir í þessum lið, má nema allt að kr. 50.00 á hverja uppsaltaða tunnu eða kr. 34.00 á hverja uppmælda tunnu til frystingar. Styrkurinn skal aðeins greiddur síldveiðiskipum samkvæmt fyrirfram gerðu samkomulagi við sérstaka nefnd, sem skipuð verður til að framkvæma ráðstafanir þær er um getur í c-lið þessarar greinar.

3. gr.

Ríkisstjórnin skipar 7 manna sjóðsstjórn. Einn stjórnarmanna skal tilnefndur af Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, einn samkvæmt tilnefningu Sjómanna-sambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Síldarverksmiðja ríkisins, einn samkvæmt tilnefningu Sambands síldarverksmiðja á Norður- og Austurlandi, einn samkvæmt tilnefningu Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og einn skipaður án tilnefningar af ríkisstjórninni. Nefndin kys sér formann.

Verkefni sjóðsstjórnarinnar er að sjá um innheimtu gjalds samkvæmt 1. gr. þessara laga, ráðstöfun þess samkvæmt 2. gr., a. og b., þar á meðal hvenær flutningastyrkur á bræðslusíld skuli greiddur samkvæmt b. lið 2. gr.

Verði mismunur á milli tekna og gjalda sjóðsins færist hann til næsta árs.

4. gr.

Ríkisstjórnin getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum sjóðsstjórnarinnar.

5. gr.

Kostnaður við störf sjóðsins, þar á meðal laun nefndarmanna, skulu greiðast af fé hans.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 24. júní 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.